

Umhverfisnefndarfundur

9. mars 2020 kl. 13.00

Mættir: Bjarndís, Guðrún Birna, Brynja María, Margrét Lára, Tinna, Mattías, Viktoría, Raket Sunna, Ísabella Sól, Ronja og Þórdís sem ritar fundargerð.

- Rafmagnsmælingarverkefni. Nokkrir tóku þátt í að spara rafmagn sérstaklega í eina viku. Einhverjir sáu mun á mælingum en síðan voru einhverjir sem spöruðu rafmagn en gleymdu að mæla. Umræða var um að nú þegar bjart er orðið allan skóladaginn þarf ekki mikið ljós í skólastofur. Minna á að slökkva á klósettum og í klefum í íþróttahúsi þegar engin er að nota.
- Skipulag fyrir dag umhverfisins. Ganga á fjörur á Innnesi og tína rusl. Rætt um möguleika á að gróðursetja í leiðinni. Gengið verður að Miðgarði þar sem hádegismatur verður.
- Matarsóunarmæling aftur 23. – 27. mars. Þá er sami matseðill og við síðustu matarsóunarmælingu. Minnt á mikilvægi þess að ræða við bekkjarfélaga um hvað verkefnið snýst og hvetja alla til að taka þátt af alvöru.
- Rætt var um að nefndarmenn ættu ekki auðvelt með að koma upplýsingum af fundum til bekkjarfélaga. Þórdís ræðir við kennara um það.

Fundi slitið kl. 13:25.

Þórdís Þórisdóttir